




Ársskýrsla

2021-2022


Félagið í hnotskurn

Fjöldi starfandi félagsmanna




Fjöldi starfandi félagsmanna

Starfandi félagsmenn eftir búsetu




Félagsmenn á
höfuðborgarsvæðinu
eru 2.602

Aldursskipting starfandi félagsmanna



Starfandi félagsmenn eftir kyni



Félagsmenn á
landsbyggðinni
eru 1.054

Karlkyns
félagsmenn eru
126 talsins

Ársskýrsla stjórnar

starfsárið 2021-2022

Á síðasta starfsári stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) voru mörg og stór verkefni á dagskrá.

Samtals voru haldnir 12 stjórnarfundir, auk vinnudaga og eru fundargerðir stjórnar aðgengilegar á vef félagsins, hjukrun.is.

Stjórnin vann eftir starfsáætluninni sem samþykkt var á aðalfundi 2021 og voru aðaláherslurnar á forystu til árangurs, þjónustu og fræðslu til félagsmanna, kjaramál og starfsumhverfi og síðast en ekki síst hjúkrun og samfélagið þar sem meðal annars var unnið að eflingu karlmanna í hjúkrun.

COVID-19 faraldurinn hafði áhrif á stóran hluta starfsársins en eftir reynslu síðustu tveggja ára var auðvelt að aðlagða verkefni starfsáætlunarinnar eftir þörfum. Haldin voru tvenn rafræn málþing, það fyrra um hjúkrunarfræðinga á tímum heimsfaraldurs og hið seinna um hjúkrun með mismunandi

kynjagleraugum. Bæði mæltust mjög vel fyrir og ljóst þetta nýja form; að vera með rafræn málþing, er komið til að vera. Eftir ítrekaða frestun var loksins hægt að halda ráðstefnuna Hjúkrun 2022 sem fram fór á Hilton Reykjavík Nordica í mars. Þar komu saman um 350 hjúkrunarfræðingar af öllu landinu á tveggja daga mjög vel heppnaðri ráðstefnu

Gerðar voru ýmsar kannanir til að fá fram álit hjúkrunarfræðinga og óskir, má þar nefna fræðslukönnun og könnun á viðhorfi hjúkrunarfræðinga og almennings til karlkyns hjúkrunarfræðinga. Niðurstöðurnar eru nýttar til að móta betur áherslur í starfi félagsins.

Störf hjúkrunarfræðinga hafa verið mjög áberandi síðustu tvö árin og hefur stéttin staðið sig með sóma í heimsfaraldrinum. Það hefur orðið vitundarvakning meðal þjóðarinnar um hversu mikilvægt það er að eiga þessa óeigingjörnu og fagmannlegu stétt þegar þörfin er brýn.

Maður kemur í manns stað

Áframhaldandi breytingar hafa orðið hjá starfsfólki á skrifstofu félagsins á starfsárinu. Sólveig Stefánsdóttir lét af störfum sem fjármálastjóri eftir 17 ára farsælt starf hjá félaginu og hefur athugasemdalaus endurskoðun á fjármálum félagsins endurspeglað hvað best hennar faglegu störf og metnað. Iðunn Bragadóttir tók við stöðunni tímabundið og var Hafðís Böðvarsdóttir svo ráðin nýr fjármálastjóri í nóvember. Jón Tryggvi Jóhannesson lét af störfum sem sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs í upphafi árs og við tók Kristjana Elísabet Guðlaugsdóttir.

Bjarni Yngvarsson sem hefur starfað sem umsjónarmaður eigna, lét af störfum í september vegna aldurs en hann hefur unnið mikla vinnu fyrir orlofssjóð, gætt eigna félagsins og viðhaldið þeim af mikilli ósérhlífni og natni í um 10 ár. Herdís Lilja Jónsdóttir vef- og verkefnastjóri lét einnig af störfum í apríl eftir hartnær 8 ár í starfi. Hún hefur sinnt



Störf hjúkrunarfræðinga hafa verið mjög áberandi síðustu tvö árin og hefur stéttin staðið sig með sóma í heimsfaraldrinum.

starfinu af metnaði og mikilli fagmennsku og meðal annars breytt ásjón félagsins með breytingum á vef, aukinni sjálfvirkni fyrir félagsmenn o.s.frv. Í kjölfarið var því starfi breytt og tölvu- og kerfismálum félagsins úthýst til Advania og ráðinn inn kynningarstjóri félagsins, Ari Brynjólfsson tók við þeirri stöðu.

Stjórn félagsins vill þakka Sólveigu, Bjarna, Iðunni, Jóni Tryggva og Herdísi fyrir þeirra góðu vinnu í þágu hjúkrunarfræðinga og óskar þeim velfarnaðar í nýjum verkefnum, um leið og hún býður Kristjönu, Hafdísi og Ara velkomin til starfa.

Guðbjörg Pálsdóttir

formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga



Kjara- og réttindamál

Megináherslur í kjaramálum á starfs-árinu voru vinna að áframhaldandi innleiðingu og eftirfylgni styttingu vinnuviku hjá hjúkrunarfræðingum í dag- og vaktavinnu, ásamt því að klára stofnanasamningsviðræður.

Kjarasamningar

Unnið hefur verið að útfærslum og breytingum sem innleiddar voru í gildandi kjarasamningum og miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Helstu breytingar snúa að breytingum á orlofskafla, vinnutíma dag- og vaktavinnufólks og rétt til sí- og endurmenntunar.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur jafnframt tekið þátt í starfshópum varðandi bókanir í kjarasamningum, m.a. bókun um endurskoðun á veikindakafla kjarasamnings.

Fjórða og síðasta krónutöluhækkun á launa- töflu miðað við lífskjarasamninginn tók gildi 1. janúar síðastliðinn, en þá hækkuðu grunn-

laun um að lágmarki 17.250 kr. Að auki var samþykkt að hjúkrunarfræðingur myndu jafnframt njóta hagvaxtarauka sem kom til framkvæmda 1. apríl.

Stofnanasamningar

Haldið var áfram að endurnýja stofnana- samninga hjá Samtökum fyrirtækja í velferðar- þjónustu (SFV) og er endurskoðun stofnana- samninga allra fyrirtækja innan SFV sem eru aðilar að kjarasamningi SFV og Fíh lokið.

Stytting vinnuviku

Veigamesta verkefni kjara- og réttindasviðs Fíh hefur verið að fylgja eftir innleiðingu styttingu vinnuviku í dagvinnu og betri vinnutíma vaktavinnufólks.

Þann 1. janúar og 1. maí árið 2021 fór af stað verkefnið *Betri vinnutími*, hjá dagvinnuhópum annars vegar og vaktavinnuhópum hins vegar. Verkefnið er tilraunaverkefni með fylgiskjali 1 og 2 í kjarasamningum og tekur

til alls starfsfólks hjá ríki, sveitarfélögum, Reykjavíkurborg og SFV. Leiðarljós verkefnisins eru öryggi, heilsa og jafnvægi sem eiga að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsmanna ásamt því að samræma betur vinnu og einkalíf. Verkefnið er í gildi til 31. mars 2023, samhliða gildistíma kjarasamninga. Stýrihópur og Matshópur launagreiðenda og launþega fylgist vel með lykilmælikvörðum verkefnisins með því að greina kostnað og ábata, bæði fyrir hönd launþega og stofnana, sem og að taka til greina þá vankanta sem koma upp hverju sinni.

Verkefnið var kynnt hjúkrunarfræðingum á breiðum vettvangi, bæði af verkefnastjórn, Starfsmennt, stofnunum og Fíh. Þrátt fyrir það er enn að finna tækifæri til umbóta og þarf að endurskoða verkefnið á hverjum stað reglulega og endurmeta t.d. starfshlutfall og dreifingu vakta. Hjúkrunarfræðingar hafa verið duglegir að láta heyra frá sér og fundað var reglulega með trúnaðarmönnum um stöðu verkefnisins.

Veigamesta verkefni kjara- og réttindasviðs Fíh hefur verið að fylgja eftir innleiðingu styttingu vinnuviku í dagvinnu og betri vinnutíma vaktavinnufólks.

Það skiptir Fíh miklu máli að eiga gott og gagnvart samtal við alla hjúkrunarfræðinga er varðar framhald verkefnisins áður en næstu kjarasamningar verða gerðir. Það þarf að meta verkefnið í heild með kostum og göllum, ávinningi og ábata, hvort það verður haldið áfram með betri vinnutíma og styttingu vinnuviku og ef svo verður með hvaða breytingum.

Það er fylgst náið með verkefninu og nú þegar er vitað um marga þætti sem taka þarf til skoðunar ef valið verður að halda áfram með betri vinnutíma og styttingu vinnuvikunnar. Vissar blikur eru þegar á lofti varðandi jöfnun vinnuskila og áhrif þeirra á vaktahvata sem og vaktaálag á stórhátíðisdögum. Einnig er margt sem bendir til þess að aðlaga þurfi uppfyllingarskilyrðin fyrir vaktahvata, áhrif fjölda mætinga og tíma utan dagvinnumarka, svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru þættir sem eru í stöðugri skoðun og verða út samningstímann.

Réttindamál

Ýmis réttindamál tengd störfum hjúkrunarfræðinga er partur af reglulegri starfsemi kjara- og réttindasviðs. Það er reynt eftir fremsta megni að leysa mál félagsmanna án afskipta dómstóla en oft með aðstoð lögmanns. Á starfsárinu var eitt mál rekið fyrir héraðsdómi sem laut að riftun á ráðningarsamningi. Þeim dómi hefur verið áfrýjað. Auk þess eru nokkur mál í vinnslu hjá lögmanni.

Einnig hefur verið hafin vinna vegna réttarstöðu heilbrigðisstarfsfólks vegna alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu. Fíh fagnar ákvörðun heilbrigðisráðherra að haldið verði áfram að vinna að þessu mikilvæga viðfangsefni og bindur miklar vonir við að sú vinna gangi hratt og vel fyrir sig. Markmið hennar er að bæta umgjörð og verklag við tilkynningar og rannsókn óvæntra atvika. Hópin skipa fulltrúar heilbrigðis- og dómsmálaráðuneytis,

embættis landlæknis, lögreglu og ákærvalds með viðtæk samráð við hagsmunaaðila og er ætlað að skoða áhrif þess ef refsíabyrgð yrði breytt.

COVID - 19

COVID-19 faraldurinn hefur haldið áfram að koma við sögu og hafa því upplýsingar og svör honum tengd verið uppfærð reglulega í spurt og svarað á vef Fíh. Viðfangsefni sem hafa komið upp tóku jafnframt breytingum þegar reglum um sóttkví var aflétt og lögum um einangrun breytt.

Fíh hefur tekið fagnandi undir þá ákvörðun nokkurra stofnana að greiða sérstaklega fyrir aukavaktir til að bæta í mönnun og vegna þess álags að klæðast sóttvarnarklæðnaði og fínagnagrimum, en hvoru tveggja er vegna áhrifa sem faraldurinn hefur haft á starfsemi og starfsmenn. Fíh hefur ávallt stutt við óskir stofnana um aukagreiðslur vegna áhrifa sem faraldurinn hefur á starfsemi þeirra.

Kynningarfundir Fíh

Kjara- og réttindasvið Fíh hélt tvo kynningarfundir um kjara- og réttindamál fyrir erlenda hjúkrunarfræðinga á Landspítala. Jafnframt var haldin árleg kynning fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga á starfsþróunarári á Landspítala.

Í mars 2022 var kynning á Fíh fyrir fjórða árs hjúkrunarnema Háskóla Íslands og Háskólans



á Akureyri sem fag- og stéttarfélag þeirra í framtíðinni. Haldnir voru fjórir fjarfundir með trúnaðarmönnum á landsvísu þar sem farið var yfir stöðu kjaramála á starfsárinu. Grunn trúnaðarmannanámskeið var haldið í fjarfundarbúnaði í október og var vel sótt sem og trúnaðarmannanámskeið á Grand hótél, sem jafnframt var haldið í streymi, þann 10. mars 2022.

Hafin er vinna við undirbúning kjarasamninga 2023

Kjararáðstefna Fíh verður í byrjun október næstkomandi á hótél Selfossi. Helstu áherslur á þessari ráðstefnu er vinna við undirbúning

komandi kjarasamninga sem og að skoða þau atriði sem staðið hefur til að vinna áfram í núverandi kjarasamningi. Kjarni ráðstefnunnar verður samstarf, samvinna og samvera. Áhersla kjara- og réttindasviðs Fíh verður áfram á góða þjónustu, fræðslu og upplýsingar til félagsmanna, ásamt því að vinna ötullega að undirbúningi næstu kjarasamninga. Þar meðal annars er samræðuvettvangur aðildarfélaga, fundir með heilbrigðisráðherra, fundir með samstarfsnefndum heilbrigðisstofnana og síðast en alls ekki síst samtal við hjúkrunarfræðinga víðs vegar um landið.

Fagleg mál

Námskeið og fræðsla

Vegna COVID-19 var ekki hægt að bjóða upp á námskeið í húsakynnum Fíh fyrir áramót. Þess í stað var aukið framboð á rafrænni fræðslu til félagsmanna. Þegar öllum takmörkunum vegna COVID-19 var aflétt var hægt að bjóða hjúkrunarfræðingum upp á námskeið í húsakynnum félagsins á ný. Hið sívinsæla námskeið Sár og sárameðferð var haldið tvisvar sinnum og einnig var haldið grunn- og framhaldsnámskeið í Áhugahvetjandi samtali. Þar fyrir utan var grunnnámskeiðið Áhugahvetjandi samtal haldið fyrir hjúkrunarfræðinga fyrir norðan, í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri.

Tvö rafræn málþing

Fíh stóð fyrir rafrænu málþingi í september 2021 þar sem hlutverk hjúkrunarfræðinga á tímum kórónuveirunnar var í brennidepli. Á málþinginu voru mörg áhugaverð erindi þar sem hjúkrunarfræðingar hvaðanæva af landinu sögðu frá störfum sínum á tímum COVID-19

þegar álagið á heilbrigðiskerfið var mjög mikið og áskoranirnar margar. Það er ljóst að hjúkrunarfræðingar lögðust á eitt og gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til þess að veita bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu miðað við aðstæður á tímum COVID-19.

Fíh stóð fyrir öðru rafrænu málþingi í byrjun febrúar 2022 þar sem yfirskriftin var *Hjúkrun með mismunandi kynjagleraugum*. Hjúkrunarfræðingar, ásamt fyrirlesurunum úr öðrum stéttum, fluttu erindi og umfjöllunar-efnin voru áhugaverð og fræðandi en alls fluttu 11 fyrirlesarar erindi á málþinginu. Á þessu málþingi var gróflega greint frá niðurstöðum úr könnun Fíh um fjölgun karlkyns hjúkrunarfræðinga í hjúkrun en greint er nánar frá niðurstöðum annars staðar í þessari skýrslu.



Hjúkrun 2022

Dagana 29. og 30. mars var *Hjúkrun 2022* haldin á Reykjavík Hilton Nordica. Ráðstefnan var samstarfsverkefni Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hjúkrunarfræðideilda Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Fresta þurfti ráðstefnunni tvisvar sinnum vegna kórónuveirunnar og því mikil léttir að geta loksins haldið ráðstefnuna í raunheimum. Það var greinilegt að hjúkrunarfræðingar höfðu mikinn áhuga á ráðstefnunni því 350 ráðstefnugestir voru skráðir á hana og mikil þörf fyrir því að fá tækifæri til að koma saman, hlusta á áhugaverða fyrirlestra og erindi. Dagskráin var mjög fjölbreytt. Boðið var upp á rúmlega 64 fyrirlestra, 7 málstofur og vinnusmiðjur og kynnt voru 16 veggspjöld. Ráðstefnan endurspegladi vel fjölbreytt fagsvið hjúkrunar og sýndu þær rannsóknir sem kynntar voru mikla grósku í þróun hjúkrunar á öllum sviðum. Gísli Kort Kristófersson,

Inga Valgerður Kristinsdóttir, María Fjöla Harðardóttir og Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir voru aðalfyrirlesarar á ráðstefnunni og Sigríður Gunnarsdóttir var heiðursfyrirlesari. Ráðstefnunni lauk með uppistandi Ara Eldjárns og ráðstefnugestir fóru brosandir heim eftir tvo fjölbreytta og áhugaverða ráðstefnudaga.

Hjúkrun 2023 verður haldin dagana

20. og 21. september.

Ráðstefnan endurspegladi vel fjölbreytt fagsvið hjúkrunar og sýndu þær rannsóknir sem kynntar voru mikla grósku í þróun hjúkrunar á öllum sviðum.



Fræðslukönnun Fíh

Fíh gerði könnun meðal félagsmanna um fræðslu og námskeið síðastliðið haust með það að markmiði að finna út hverjar þarfir og óskir félagsmanna eru varðandi fræðslu á vegum félagsins. Alls svöruðu 1058 hjúkrunarfræðingar könnuninni. Helstu niðurstöður leiddu í ljós að almenn ánægja ríkir um þau námskeið sem hafa verið í boði. Félagsmenn sækjast einna helst eftir námskeiðum sem annars vegar efla klínískt starf og hins vegar námskeiðum sem snúa að líkamlegri og andlegri heilsu. Niðurstöður sýndu einnig að félagsmenn óska einnig eftir rafrænni fræðslu sem væri aðgengileg á vef félagsins, sem og stökum fyrirlestrum og námskeiðum sem taka hálfan dag.

Fíh hefur aukið framboð á rafrænni fræðslu til félagsmanna og mun halda áfram að fylgja eftir niðurstöðum fræðslukönnunarinnar með því að þróa heildstæða fræðsludagskrá í samræmi við óskir og þarfir félagsmanna.

Karlmenn í hjúkrun

Árið 2019 stofnaði Fíh nefnd með fulltrúum hjúkrunarfræðideildar HÍ, heilbrigðis-vísindasviðs HA og Landspítala, sem fékk það hlutverk að kanna leiðir til að fjölga karkyns hjúkrunarfræðingum. Hlutfall karkyns hjúkrunarfræðinga er hér á landi með lægsta móti en um 3% stéttarinnar eru karkyns. Það er greinilegt að mikil þörf er á að greina hvers vegna karlmenn sækja ekki um í hjúkrunarfræði og finna þarf leiðir til fjölga

karlmönnum innan stéttarinnar. Eitt af fyrstu verkefnum nefndarinnar var að undirbúa könnun í samstarfi við fyrirtækið Maskínu til að greina, annars vegar viðhorf almennings í garð karkyns hjúkrunarfræðinga, og hins vegar viðhorf hjúkrunarfræðinga í garð karkyns hjúkrunarfræðinga.

Könnunin sem hjúkrunarfræðingar tóku fór fram í nóvember 2021 og fengu þátttakendur 20 spurningar. Haft var samband við 3.171 hjúkrunarfræðinga og alls svöruðu 1.358 sem er 42,8% svarhlutfall.

Könnunin til almennings var lögð fram í Þjóðargátt sem er þjóðhópur fólks sem er dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá. Svarendur eru alls staðar af landinu, 18 ára og eldri. Könnunin til almennings fór fram á tímabilinu 26. október til 3. nóvember 2021 og voru svarendur 806 talsins.

Helstu niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að hjúkrunarfræðingum finnst mikilvægt að fjölga karkyns hjúkrunarfræðingum innan stéttarinnar, meðal annars með því að hækka laun hjúkrunarfræðinga og auka sýnileika. Almenningsur er mjög jákvæður gagnvart karkyns hjúkrunarfræðingum og telur að laun hjúkrunarfræðinga myndu hækka ef kynjahlutfallið í stéttinni væri jafnara. Unnið verður áfram með niðurstöður könnunarinnar á næstunni og aðgerðaráætlun búin til í kjölfarið.

Sjóðir

Vísindasjóður Fíh

Vísindasjóður skiptist í tvo hluta, A- og B-hluta. Styrkir úr A-hluta eru greiddir beint til félagsmanna í febrúar og í ár voru greiddir styrkir til 3.553 félagsmanna og nam heildarupphæðin 156.000.000 kr.

Alls bárust 17 umsóknir í B-hluta vísindasjóðs hjúkrunarfræðinga að heildarupphæð 21.404.627 kr. og úthlutað var alls 7.225.000 kr.

Starfsmenntunarsjóður

Á árinu 2021 voru samþykktar 973 umsóknir að upphæð 67.335.448 kr. Umsóknum fjölgaði töluvert frá fyrra ári eða um 28,9%. Heildarfjármagn styrkja jókst um 102%. Helsta ástæða þess er að 2020 var farið í heildarendurskoðun á starfs- og úthlutunarreglum sjóðsins.

Meginbreytingin var sú að hámarksstyrkur var hækkaður í 240.000 kr. á 24 mánaða tímabili.


Áður var að hámarki veittur 55 þúsund kr. styrkur árlega og er þetta því hækkun um 118%. Með lengingu tímabilsins úr 12 mánuðum í 24 mánuði gefst félagsmönnum kostur á að nýta styrkinn í stærri námskeið, skólagjöld eða ráðstefnur, en sækja má um oftar en einu sinni á tímabilinu. Breyting þessi kemur til af bókun í samþykktari miðlunartillögu ríkissáttasemjara, en þar er einnig kveðið á um að hjúkrunarfræðingar hjá ríkinu eigi frá 1. ágúst 2020 rétt á 10 daga launuðu leyfi árlega til að stunda endurmenntun eða framhaldsnám.

Styrktarsjóður


Samþykktar voru 3.546 umsóknir á liðnu ári að upphæð 276.000.000 kr. Þetta er mikil fjölgun umsókna miðað við árið áður og heildarfjárhæð styrkja jókst einnig verulega milli ára, eða um 28,3%. Heilsustyrkur var 60.000 kr. fyrir árið 2021.

Stærsti hluti styrktarsjóðs er vegna sjúkradagpeninga, eða um 42%. Umsóknum vegna sjúkradagpeninga fjölgaði um 39% á milli ára, fóru úr 355 umsóknum í 493.


Skipting styrkja í starfsmenntunarsjóði 2021




Styrkveitingar styrktarsjóðs 2021




Fjöldi umsókna í starfsmenntunarsjóði 2021



Hlutfall félagsmanna á sjúkradagpeningum



Breyting styrkumsókna á milli ára - starfsmenntunarsjóður



Samþykktar voru 3.546 umsóknir á liðnu ári að upphæð 276.000.000 í styrktarsjóð Fíh.

Útgáfa

Tímarit hjúkrunarfræðinga

Tímarit hjúkrunarfræðinga var gefið út í prentaðri útgáfu þrisvar á starfsárinu; í júlí, nóvember og mars og dreift til allra félagsmanna. Auk þess að vera vettvangur fræðilegrar umfjöllunar um hjúkrun er leitast við að fjalla um málefni líðandi stundar sem tengjast hjúkrunarfræðingum og í hverju tölublaði eru viðtöl við hjúkrunarfræðinga um störf þeirra og einnig áhugamál.

Tímaritið er aðgengilegt á vefsíðu Fih í rafrænu formi, auk þess sem völdu efni er deilt á vefsíðu félagsins hjukrun.is og á fésbókarsíðu félagsins.

... í hverju tölublaði eru
viðtöl við hjúkrunar-
fræðinga um störf þeirra
og einnig áhugamál.

Vefur og samfélagsmiðlar

Heimsóknir á vef félagsins voru að meðaltali 26.200 á mánuði árið 2021, miðað við talningu vefmælingarkerfisins Google analytics, og er það rúmlega 16 prósent aukning frá árinu áður. Mínar síður voru heimsóttar að meðaltali 1.600 sinnum í mánuði á sama tímabili. Heimsóknir þangað hefur fækkað töluvert frá árinu áður sem skýrist af kjarasamningum og efni þeirra á læstum svæðum vefsins árið áður.

Facebook-fylgjendur eru nú ríflega 3.700 og rúmlega þúsund fylgja félaginu á Instagram. Á póstlista eru skráðir 3.200 og fá þeir reglulega rafrænt fréttabréf með tölvupósti.



Orlofsmál

Síðastliðinn vetur hefur orlofsnefnd Fíh unnið að undirbúningi fyrir komandi sumar. Sumarið 2022 er félagið með 24 orlofskosti sem dreifast um landið, auk þess að vera með fjölbreytt úrval gjafabréfa, t.d. gjafabréf í flug bæði erlendis og innanlands, hótelið, veiði- og útilegukortið.

Að venju var send út þjónustukönnun og niðurstöður hennar hafðar að leiðarljósi til að betrubæta þjónustu við hjúkrunarfræðinga. Almennt virðast hjúkrunarfræðingar sem dvalið hafa í sumarþústöðum félagsins verið ánægðir með orlofskostina en einnig komu margar gagnlegar ábendingar um hvað betur mætti fara sem nýttast til að betrubæta orlofskostina.

Í samræmi við niðurstöðu á þjónustukönnunum undanfarinna ára var farið í þá vinnu að uppfæra bústaði í eigu félagsins. Byrjað var á íbúð að Furulundi á Akureyri. Einnig er fyrirhugað að gera breytingar á fleiri

bústöðum í eigu félagsins og hefur innan- hússarkitekt verið ráðinn til aðstoðar við endurhönnun bústaðar á Úlfjótavatni.



Gerðar voru breytingar á úthlutunarreglum fyrir sumarið 2022 með þeim hætti að þeir sem fengu úthlutað bústað síðastliðin tvö ár geta ekki leigt sér bústað í ár. Breytingin var gerð

Líkt og fleiri stéttarfélög hafa gert var einn orlofskostur í Reykjavík lánaður fyrir flóttafólk frá Úkraínu.

með það í huga að auka sanngirni í úthlutun og leyfa sem flestum að nýta þá orlofskosti sem eru í boði.

Líkt og fleiri stéttarfélög hafa gert var einn orlofskostur í Reykjavík lánaður fyrir flóttafólk frá Úkraínu.

Seld gjafabréf orlofssjóðs 2021



Erlent samstarf

SSN

Fíh er hluti af SSN sem er samvinna félaga hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndunum. SSN er í forsvari fyrir meira en 320.000 hjúkrunarfræðinga og tilgangurinn er að vinna markvisst í málefnum hjúkrunar. Að undanfögnu hefur SSN verið að skoða framhaldsnám í hjúkrunarfræði á Norðurlöndunum og staða yfirhjúkrunarfræðings í stjórnslu (CNO/GCNMO) er enn til skoðunar í hverju landi fyrir sig. Vegna kórónuveirufaraldursins stóð SSN fyrir tveimur rafrænum stjórnarfundum í október og mars.

EFN

Evrópusamtök hjúkrunarfélaga (EFN) sem Fíh er hluti af hélt tvo rafræna fundi; í október og apríl. Eðli málsins samkvæmt hafa fundarefni á síðustu fundum fyrst og fremst snúist um stöðu hjúkrunarfræðinga í Evrópu vegna COVID-19 og áhrif faraldursins á hjúkrunarfræðinga.

Einnig hafa önnur mál eins og til að mynda framhaldsmenntun, kjaramál og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga verið til umræðu á fundum EFN.

ICN

Alþjóðaráð hjúkrunarfræðinga (ICN) eru samtök hjúkrunarfélaga í rúmlega 130 löndum og annað hvert ár heldur ICN fulltrúafundur þar sem málefni hjúkrunar á heimsvísu eru rædd. Rafrænt fulltrúafundur var haldið dagana 4.-6.október en eðli málsins samkvæmt voru málefni hjúkrunarfræðinga í tengslum við kórónuveiruna í brennidepli. Á fulltrúafundinu var Pamela Cipriano kosin nýr forseti ICN.



Ályktanir, umsagnir nefndir og ráð

Á aðalfundi Fíh þann 26. maí 2021 voru samþykktar tvær ályktanir; mönnun hjúkrunarfræðinga og stytting vinnuvikunnar.

Á aðalfundinum komu fram miklar áhyggjur af niðurstöðu skýrslu um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila sem heilbrigðisráðuneytið lét gera. Það er óásættanlegt að mönnun hjúkrunarfræðinga sé langt undir lágmarks viðmiðum embættis landlæknis um hlutfall hjúkrunarfræðinga af heildarfjölda starfsfólks er starfa við umönnun aldraðra. Slík staða ógnar verulega gæðum og öryggi öldrunarþjónustunnar. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga skoraði á heilbrigðisráðherra að tryggja lágmarksmönnun hjúkrunarfræðinga til að hægt verði að veita árangursríka og góða þjónustu við íbúa hjúkrunarheimila.

Fíh fagnar styttingu vinnuvikunnar sem tók gildi 1. janúar 2021 hjá dagvinnufólki og

1. maí 2021 hjá vaktavinnufólki. Þar sem stór hluti hjúkrunarfræðinga er í vaktavinnu er stigið stórt skref í þá átt að 100% vaktavinna jafngildi 80% viðveru hjúkrunarfræðinga með þunga vaktabyrði. Breytingarnar eiga að leiða til aukinna lífsgæða til að vega upp á móti neikvæðum áhrifum vaktavinnu á heilsu og öryggi og auðvelda starfsfólki þannig að samræma vinnu og einkalíf. Þetta er stórt framfaraskref í kjarabaráttu hjúkrunarfræðinga. Því er mikilvægt að hjúkrunarfræðingar nýti þetta tækifæri sem best og leggist á eitt við að tryggja sem best ávinninginn af styttingu vinnuvikunnar.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur veitt umsagnir um ýmis konar mál er varða hjúkrunarfræðinga, hjúkrun og heilbrigðisþjónustu. Félagið hefur sent umsagnir til nefndarsviðs Alþingis og í Samráðsgátt eru til að mynda umsagnir um þingsályktunartillögu um mótun stefnu í geðheilbrigðismálum og um mótun stefnu í heilbrigðisþjónustu aldraðra.

Einnig um aðbúnað og meðferð fullorðins fólks með þroskahömlun, samúðarþreitu og tillögur að úrræðum í þeim efnum. Í Samráðsgátt eru auk þess umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, frumvarp til laga á nikótínvörum og verðmæta-sköp kvennastarfa svo fátt eitt sé upptalið af þeim fjölda umsagna sem Fíh hefur komið að á starfsárinu.

Nefndir og ráð starfsárið 2021-2022

Í **kjörnefnd** sátu Ása St. Atladóttir, Ólafur G. Skúlason og Ólöf Árnadóttir. Varamaður í kjörnefnd var Kolbrún Gísladóttir.

Hlutverk nefndarinnar er að annast undirbúning og framkvæmd formanskjörs og kosninga til stjórnar félagsins, í nefndir þess og önnur þau störf sem kosið er um.

Í **muna- og minjanefnd** sátu Ingibjörg Pálmadóttir formaður, Bergdís Kristjánsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Sigprúður Ingimundardóttir.

Hlutverk nefndarinnar er m.a. að safna saman

munum í eigu félagsins og koma þeim fyrir til varðveislu á viðeigandi hátt.

Í **ritnefnd** sátu Sölvi Sveinsson, Kristín Rósa Ármannsdóttir, Þorgerður Ragnarsdóttir, Hrund Scheving Thorsteinsson, Þóra Jenný Gunnarsdóttir, Sigrún Sunna Skúladóttir og Þorbjörg Jónsdóttir.

Hlutverk ritnefndar er að marka ásamt ritstjóra stefnu tímaritsins og annast umsjón með útgáfu þess.

Í **siðanefnd** sátu Aðalheiður D. Matthíasdóttir formaður, Birna Óskarsdóttir, Guðbjörg Svava Ragnarsdóttir, Guðríður K. Þórðardóttir, Harpa Þöll Gísladóttir, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Þórgunnur Hjaltadóttir.

Siðanefnd er faglegur farvegur félagsins fyrir siðfræðileg álitamál og er stjórn félagsins, fagdeildum og félagsmönnum til ráðgjafar varðandi álit og umsagnir um þau mál. Einnig fjallar nefndin um kærumál er varða meint brot félagsmanna á siðareglum félagsins.

Kjörin stjórn og stjórnir sjóða

Stjórn félagsins geta einungis skipað félagsmenn með fulla aðild. Í stjórn sátu, auk formanns, sex stjórnarmenn og tveir varamenn.

Formannskjör fór fram í ársbyrjun 2021. Guðbjörg Pálsdóttir, formaður félgsins, var sjálfkjörinn kjörtímabilið 2021-2025.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2020-2021

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Halla Eiríksdóttir *varaformaður*
Gísli Níls Einarsson *gjaldkeri*
Guðný Birna Guðmundsdóttir *ritari*
Guðrún Yrsa Ómarsdóttir
Hildur Björk Sigurðardóttir
Þóra Gunnarsdóttir
Varamenn
Ásdís M. Finnbogadóttir
Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir

Orlofssjóður

Lovísa Jónsdóttir *formaður*
Ása María Guðjónsdóttir *varaformaður*
Heiða Björk Gunnlaugsdóttir
Inga Valborg Ólafsdóttir
Sigurður Ýmir Sigurjónsson

Starfsmenntunarsjóður

Eva Hjörtína Ólafsdóttir *formaður, tilnefnd af Fih*
Ásdís Guðmundsdóttir *tilnefnd af Fih*
Aldís Magnúsdóttir *tilnefnd af Fjármálaráðuneyti*
Anna Guðmundsdóttir *tilnefnd af Reykjavíkurborg*
Steinunn Helga Björnsdóttir *starfsmaður sjóðsins*

Styrktarsjóður

Aðalheiður D. Matthíasdóttir *formaður*
Sigrún Barkardóttir
Svanlaug Guðnadóttir
Varamenn
Baldvina Hafsteinsdóttir
Ellen Stefanía Björnsdóttir

Vísindasjóður

Marianne E. Klinke, *formaður*
Árún K. Sigurðardóttir
Brynja Örlygsdóttir
Rannveig Jónasdóttir

Vinnudeilusjóður

Birgir Örn Ólafsson *formaður*
Anna Soffía Guðmundsdóttir
Eva Kristjánsdóttir
Varamenn
Olga Birgitta Bjarnadóttir
Eva Hjörtína Ólafsdóttir

Rannsókn- og vísindasjóður

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Herdís Sveinsdóttir
Sigríður Zoëga

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Herdís Sveinsdóttir
Hrund Scheving Thorsteinsson

Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Herdís Sveinsdóttir
Sigríður Gunnarsdóttir
Steinunn Sigurðardóttir

Skrifstofa Fíh

Í byrjun maí 2022 voru 10 fastráðnir starfsmenn hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga í tæplega 10 stöðugildum.

Fimm starfsmenn létu af störfum á starfsárinu: Bjarni Yngvarsson umsjónarmaður eigna orlofssjóðs, Herdís Lilja Jónsdóttir vef- og verkefnastjóri, Jón Tryggvi Jóhannsson sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs, Sólveig Stefánsdóttir fjármálastjóri og Iðunn Bragadóttir sem sinnti stöðu fjármálastjóra tímabundið.

Þrír nýir starfsmenn hófu störf hjá félaginu á starfsárinu, Ari Brynjólfsson, Hafdís Böðvarsdóttir og Kristjana Elísabet Guðlaugsdóttir.

Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu félagsins

Ari Brynjólfsson *kynningarstjóri*

Edda Dröfn Daníelsdóttir
sviðsstjóri fagsviðs

Eva Hjörtína Ólafsdóttir *kjararáðgjafi*

Guðbjörg Pálsdóttir, *formaður*

Hafdís Böðvarsdóttir, *fjármálastjóri*

Harpa Júlía Sævarsdóttir
sérfræðingur í kjaramálum

Kristjana Elísabet Guðlaugsdóttir
sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs

Margrét Rafnsdóttir *fulltrúi*

Sigríður Elín Ásmundsdóttir
ritstjóri Tímarits hjúkrunarfræðinga

Steinunn Helga Björnsdóttir
umsjónarmaður sjóða



Ari Brynjólfsson tók við stöðu kynningarstjóra Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Hann er fjölmiðlafræðingur með BA-próf frá Háskólanum á Akureyri og MA-próf frá Edinburgh Napier University. Ari starfaði áður sem blaðamaður og fréttastjóri á ýmsum fréttamiðlum síðast sem fréttastjóri Fréttablaðsins.



Hafdís Böðvarsdóttir tók við stöðu fjármálastjóra Fíh. Hún lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og prófi til löggildingar í endurskoðun árið 1997. Hafdís starfaði í mörg ár hjá KPMG og var í hópi eigenda í nokkur ár.



Kristjana Elísabet Guðlaugsdóttir tók við stöðu sviðsstjóra kjara- og réttindasviðs Fíh. Kristjana er með BSc í viðskiptafræði og meistaranám í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Hún hefur starfað við mannauðstengd mál í hartnær 20 ár.



Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
540 6400
www.hjukrun.is